



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Ársskýrsla 2015






HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Ársskýrsla 2015

Ágæti lesandi


Ársskýrsla 2015 er komin út. Á síðunum sem hér fara á eftir verður farið yfir helstu þætti í starfseminni ásamt því að tölulegum upplýsingum er komið á framfæri.

Kuldi einkenndi sumarið 2015 og kennum við veðurfarinu um að skógarbændur tóku seint við sér í gróðursetningu og raunar tókst ekki að koma út öllum plöntum sem HASK stóð fyrir kaupum á, hluta þeirra þurfti að geyma til næsta árs. Alls voru gróðursettar 391.230 plöntur þetta árið. Mest fór niður af lerki en það var rúm 54% af gróðursetningum, næst mest fór niður af greni rúm 16%, rúm 14% gróðursetninga var fura og aðrar tegundir minna. Almennt var framkvæmdaglegi skógarbænda minni á árinu en undanfarin ár eins og sjá má á mynd 1.



Mynd 1. Framkvæmdir 2015


Samtals fóru 68.290.184 kr. í tilfærslur hjá verkefninu eða með öðrum orðum í framkvæmdir hjá skógarbændum. Sem fyrr eru plöntukaup og gróðursetning fjárfrekustu liðirnir í starfsemi verkefnisins, þessir liðir ásamt áburðarkaupum og greiðslum fyrir áburðargjöf eru 35,5% af tilfærslum. Umhirða er rúmlega 28% af tilfærslulið og slóðagerðin tæp 20%. Nánar má sjá skiptingu tilfærsluliða á mynd 2.



Mynd 2. Tilfærslur

Á mynd 3 má sjá hlutfallsskiptingu tegunda.

GRÓÐURSETTAR TEGUNDIR




Mynd 3. Hlutfallsskipting tegunda

Framkvæmdir voru á 62 jörðum á árinu fyrir utan girðingaviðhald. Gróðursett var á 47 jörðum, unnið var að slóðagerð á 16 jörðum, grisjun eða millibilsjöfnun var unnin á 16 jörðum og jarðunnið var á 8 jörðum á árinu.

Á mynd 4 má sjá kostnaðarskiptingu í rekstri Héraðs- og Austurlandskóga. Í töflunni lykiltölur er hægt að sjá breytingar kostnaðarþátta á milli ára en venjulega eru ekki miklar sveiflur á milli liða. Þetta árið er þó undantekning og hlutfall tilfærslna mun minna en undanfarin ár. Á móti hefur liðurinn „annað“ hækkað umtalsvert, skýring þess er þátttaka HASK í kaupum á öflugum kurlara til landsins. ÓIS

kostnaðarskipting 2015




Mynd 4. Kostnaðarskipting

Það helsta úr starfinu árið 2015

Starfsemi Héraðs- og Austurlandsskóga (HASK) var með hefðbundnu sniði á árinu 2015. Þó var venju fremur rólegt yfir framkvæmdum hjá bændum og teljum við að veðurfar hafi ráðið mestu um það en sumarið var kalt og kom bara eiginlega ekki. Hér á eftir verður farið yfir helstu þætti starfseminnar ásamt því markverðasta sem átti sér stað í málefnum skógræktar á svæðinu. Í ársskýrslunni eru einnig birtar tölulegar upplýsingar um framkvæmdir og fjárhag verkefnisins.

Hlynur Gauti Sigurðsson sem starfað hefur sem ráðunautur og verkefnisstjóri hjá HASK frá árinu 2008 tók sér ársleyfi frá störfum í byrjun árs. Í hans stað var ráðinn Borja Alcober, spænskur skógfræðingur. Starfsmannamál verkefnisins voru að öðru leyti óbreytt, Sherry Curl skógfræðingur var í starfi ráðunauts og verkefnisstjóra og Ólöf Sigurbjartsdóttir í starfi framkvæmdastjóra. Til sumarstarfa var Haukur Guðmundsson ráðinn en hann hefur undanfarin sumur unnið hjá verkefninu. Stjórn verkefnisins er óbreytt frá fyrra ári, Þorsteinn Bergsson stjórnarformaður, Jóhann Gísli Jóhannsson frá félagi skógarbænda á Austurlandi og Þór Þorfinnsson frá Skógrækt ríkisins. Alls voru fimm fundir haldnir á árinu og eru fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu HASK á slóðinni www.heradsskogar.is undir flípanum Héraðs- og Austurlandsskógar/ Stjórn/ Fundargerðir.

Í byrjun febrúar var haldinn fundur með skógarbændum um afurðamál. Þar fór Guðmundur Davíðsson hitaveitustjóri yfir málefni kurlkyndistöðvarinnar á Hallormsstað, Þór Þorfinnsson skógarvörður fjallaði um útvegumarkaðju hráefnis fyrir kyndistöðina og þurrkun hráefnis. Gunnlaugur Guðjónsson fjármálastjóri fór yfir sölumál á kurlu og Lárus Heiðarsson skógræktarráðunautur sýndi og fjallaði um niðurstöður úr nýrri viðarmagnsáætlun á Fljótsdalshéraði. Í lokinn sagði Jóhann Þórhallsson skógarbóndi frá undirbúningi Félags skógarbænda á Austurlandi að stofnun afurðamiðstöðvar skógarafurða á Austurlandi.



Gunnlaugur Guðjónsson fer yfir sölumál á kurlu

Umhirða ungskóga og afsetning þeirra afurða sem skógarnir gefa hafa verið ofarlega á baugi undanfarin misseri. Mikið var unnið í umhirðu á árinu og voru millibilsjafnaðir og/eða grisjaðir um 100 hektarar. Einungis eitt grisjunarútboð var birt á árinu. Nokkrir skógarbændur gátu selt afurðir sínar í gegnum Skógrækt ríkisins til Elkem á Grundartanga. Það timbur sem þangað fer verður að vera af ákveðinni stærð og einungis brot af því sem til fellur á svæðinu uppfyllir þær kröfur. Í upphafi árs kom til landsins öflugur kurlari sem Skógrækt ríkisins stóð fyrir kaupum á í samstarfi við HASK og fleiri aðila. Kristján Már Magnússon verktaki keypti til landsins öflugan útkeyrsluvagn af gerðinni Gremo 1050F. Á Víðivöllum ytri II vann fyrirtækið Skógarafurðir ehf ötullega að því



Öflugur kurlari var keyptur í samstarfi skógræktaraðila á svæðinu



Timburflutningabíll lestaður

að koma upp afurðastöð skógarafurða sem er sú fyrsta sinnar tegundar héraðs. Þessi upptalning er ekki tæmandi listi yfir það sem gerðist í tækjamálum skógræktar á svæðinu en nefnt sem dæmi um þá þróun sem á sér nú stað í véla- og tækjakosti sem atvinnugreinin hefur kallað eftir og ljóst að við eigum eftir að sjá meira af slíku á næstu árum.



Útkeyrsluvél Kristjáns M. Magnússonar


Vorið var bæði kalt og langt og hafði þau áhrif að gróðursetning fór rólega af stað. Ekki tókst að koma niður öllu frysta lerkinu fyrir þau tímamörk sem gefin eru með frystar plöntur og það endaði með því að starfsmenn HASK fóru í Sólskóga og settu, ásamt starfsfólki þar og fleirum, allt lerkið sem eftir var í frosti í bakka.

Sólskógar hættu starfsemi á Fljótsdalshéraði í sumar að loknum afhendingartíma sem miðaðist við 10. júlí. Þar sem nokkrir skógarbændur höfðu ekki tekið sínar plöntur á þeim tíma var samið við Barra um að taka við plöntunum til geymslu og umhirðu og sjá um afhendingu þeirra.

Skógardagurinn mikli var haldinn laugardaginn 20. júní í samstarfi skógræktaraðila á svæðinu. Sem fyrr var dagurinn vel sóttur enda veðurguðirnir deginum hliðhollir. Mikil og vönduð dagskrá er alla jafna sett upp fyrir skógardaginn þar sem skemmtikraftar bæði af svæðinu og á landsvísu



Fryst lerki sett í bakka



Ásgerður og Berghildur voru duglegar að bera bakka

koma fram, auk þess sem viðburðir sem hægt er að taka þátt í eru á svæðinu og boðið er upp á matarsmakk af ýmsu tagi. Í þetta sinn þurfti að bregða út af þeim góða vana að bjóða upp á heilgrillað naut þar sem verkfall kom í veg fyrir að hægt væri að slátra í sláturhúsum landsins. Nóg var hinsvegar til af pylsum og lummum og væntanlega hefur enginn farið svangur heim. Íslandsmeistaramótið í skógarhöggi er einn af hápunktum skógardagsins enda um skemmtilega og spennandi keppni að ræða. Lárus Heiðarsson skógræktarráðunautur og skógarbóndi endurheimti titilinn og er það í sjötta sinn sem hann hampar þeim titli. Í skógarhlaupinu urðu sigurvegarar þau Hjalti Þórhallsson á tímanum 1:05:10 og Hjálmdís Zoëga á tímanum 1:10:50.

HASK í samstarfi við hin landshlutaverkefni og Skógrækt ríkisins fengu til landsins norska skógfræðinginn Pål Hansen til þess að mynda skóga úr lofti með dróna. Sett var upp samstarfsverkefni sem fyrir utan loftmyndatökurnar á að kanna möguleikann á notkun dróna við áætlanagerð í skógrækt og sjá með hvaða nákvæmni svona myndir geta gefið tölulegar upplýsingar um skóga s.s. flatarmál, fjölda trjáa og standandi viðarmagn í skógum.

Starfsmenn HASK héldu á Hvanneyri í október en þar stóð Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í samstarfi við Skógfræðingafélag Íslands fyrir námskeiði í hönnun og lagningu skógarvega. Óumdeilt er hversu mikilvæg slóðagerð er á skógræktarsvæðum, ekki bara til að koma plöntum og gróðursetningafólki út á svæðið, heldur getur rétt hönnun og lagning skógarlóða verið forsenda hagkvæmrar skógarnýtingar seinna meir. Kennari á námskeiðinu var norðmaðurinn Jan Bjerketvedt.



Sigrún Magnúsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra heimsótti verkefnið í júlí. HASK og Skógrækt ríkisins tóku sameiginlega á móti ráðherra og var keyrt inn á Hallormsstað þar sem m.a. var kíkt á sýningu þýska listamannsins Thomas Rappaport. Frá Hallormsstað var ekinn hringurinn um Lagarfljót og komið við á Ási í Fellum þar sem ráðherra fylgdist með skógarhöggsmönnum Borgþóri og Einari við vinnu sína. Þá var haldið á skrifstofuna í Miðvangi 2-4 og endað á góðum umræðufundi með ráðherra um stöðu og horfur skógræktarmála.

Sigrún Magnúsdóttir á skógarbekk eftir listamanninn Thomas Rappaport

Umhirðunámskeið var haldið í seinni hluta október. Sem fyrr voru það Sherry og Hlynur Gauti sem sáu um námskeiðið ásamt Borja Alcober en Hlynur kom sérstaklega úr leyfi til þess að sinna verkefninu. Námskeiðið stóð yfir í tvo daga. Fyrri daginn var farið yfir fræðilegar forsendur sem liggja að baki umhirðureglna en seinni dagurinn var notaður til verklegra æfinga úti í skógi. Að þessu sinni voru 7 manns á námskeiðinu.

Jólaötturinn eða jólamarkaður Barra var að venju haldinn á aðventu. Jólaötturinn er samstarfsverkefni skógræktaraðila á svæðinu þ.m.t. HASK og er ávallt mjög vel sóttur atburður.

Sú upptalning sem hér hefur farið fram er engan veginn tæmandi en gefur innsýn í þau verkefni sem hafa verið á döfinni. Í lokin viljum við hvetja skógarbændur til að koma til okkar ábendingum og jafnvel myndum ef til eru af áhugaverðum stöðum/framkvæmdum á jörðum þeirra. ÓIS



Umhirðunámskeið

Yfirlit framkvæmda

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp
Arnheiðarstaðir			1.474				
Árteigur							
Ás					30.150		
Ásgeirsstaðir	96	480	3.618	14.040	6.422		888
Bessastaðir		6.811					
Birnufell			737		1.072		
Bláeyri			804	80	2.680		7.488
Bragðavellir I			804				
Breiðavað							
Brekkuborg		3.804	1.474	432			2.496
Brekkugerði							
Brekkusel			640		8.643		
Dratthalastaðir			2.479				
Droplaugarstaðir				1.200	2.600		
Ekkjufell (Sigbjörn)							
Eyjófsstaðir Berufirði				600			
Fannardalur		2.479	120	4.984	8.040		
Flaga				4.480			
Fremri Nýpur	48	335			400		
Geirófsstaðir	504	1.488	7.973	4.000	4.958		2.496
Grund	96	7.973	2.077		8.546		
Hagi		2.000	35		4.690		
Helluland/Hóll			240	1.720	80		
Hjarðarhagi			1.742		11.844		
Hjartarstaðir I			6.968	8.000	1.200		
Hrafnsgærði			4.901		6.432		
Hreimsstaðir	288	336	4.263	600	8.978		
Hrófsstaðir				3.440			
Hræreklækur		1.584					
Hvammur Völlum				5.940	800		
Lindarhóll		1.675	2.010		1.876		3.120
Litla-Steinsvað I					3.015		
Melar							
Miðhúasel							
Mjóanes Reynir					3.886		
Mjóanes Sigurlaug					2.480		96

Samtals	Ábarnar plöntur	Slóðagerð km	Nýgirðingar	Jarðvinnsla ha.	ha. Grisjun/ Millibilsjöfnun
1.474	1.474				
-			1,5		
30.150		5,8			21,3
25.544	25.544				
6.811					
1.809	1.809	2,4			6,8
11.052	12.732	4,5			
804	804				
-		1,3			
8.206	6.062				
-		2,0			2,3
9.283					
2.479	2.479				
3.800	3.800	1,6			4,8
-					6,7
600	600				
15.623	15.623				
4.480	7.000			4,3	
783	783				
21.419					
18.692	18.692				
6.725	6.725				
2.040	2.040				
13.586	13.586				
16.168	16.168	0,4		4,0	
11.333	10.653			2,0	
14.465	14.465			9,7	
3.440	3.440	4,6			
1.584	2.808				
6.740	6.740	4,2			5,6
8.681	6.805			2,0	
3.015	3.015				
-					5,6
-					9,1
3.886	3.886				
2.576	2.576				

Yfirlit framkvæmda - framhald

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp
Mýnes II							
Mýrar	120	384	160	1.000			5.328
Óseyri	192			288	15.028		192
Rauðholt					4.400		
Sauðhagi II	864	408	938	4.120	14.832		1.608
Setberg			3.417				
Skáli			938				
Skriða	96	2.204	140	2.536	2.345		
Snjóholt							
Stangarás			67	96			
Starmýri							
Stóra-Steinsvað					26.591		
Strandhöfn				984	1.200		
Strönd							
Stöð	264	938	3.120				
Tókastaðir				1.536			
Uppsálar							
Urriðavatn							
Ústekkur I			938		2.948		
Vað							
Vatnsdalsgerði	480		2.624	440	11.782		480
Víðivallagerði				1.200	3.752		
Ytri-Nýpur			1.474	1.480	4.489		
Þorbrandsstaðir					5.561		
Þrándarstaðir							
Þrándarstaðir ref.							
Samtals	3.048	32.899	56.175	63.196	211.720	-	24.192

Samtals	Ábarnar plöntur	Slóðagerð km	Nýgirðingar	Jarðvinnsla ha.	ha. Grisjun/ Mllibilsjöfnun
-		1,4			
6.992	6.992	0,9		6,5	2,0
15.700	7.104				
4.400	6.232				
22.770	9.828				
3.417	21.417			1,6	
938	938				
7.321	4.424		0,8		
-					9,3
163	163				
-			2,2		
26.591	26.591	2,9			
2.184	2.184				
-					13,6
4.322	4.322				
1.536		5,3			
-		0,3			5,3
-					1,8
3.886	3.886				
-					
15.806	13.662				
4.952	4.952	2,2			3,2
7.443	7.443			0,6	
5.561	5.561				
-					2,0
-		0,4			0,4
391.230	316.008	40,2	4,5	30,7	99,8

Lykiltölur

Ýmsar lykiltölur	2010	2011	2012	2013	2014	2015
1 Fjöldi samningsbundinna skógræktarjarða	155	132	132	128	130	129
2 Flatarmál í hekturum	17.776,5	15.207	14.744	14.759	15.083	15.727
3 Fjöldi jarða þar sem er gróðursett	69	53	63	58	55	47
4 Fjöldi jarða með framkvæmdir	86	83	86	87	92	80
5 Lengd ræktaðra skjólbelta í km	3	10,8	11,3	5,0	5,3	0,0
6 Heildarfjöldi gróðursettra plantna	982.396	881.018	651.583	547.641	527.510	391.230
7 Grisjaðir/bilaðir hektarar	10,9	57,2	115,5	124,5	109,0	99,8
8 Ársverk	4,3	4,2	3,7	3,6	3,6	3,4

Lykiltölur úr ársreikningi	2009	2010	2011			
9 Heildarfjárveiting + sértekjur	151.673.225	129.356.320	120.386.732			
10 Heildargjöld	150.071.960	130.601.624	130.111.796			
11 Laun og launatengd gjöld	29.570.352	19,7%	28.740.472	22,0%	29.230.062	22,5%
12 Starfstengdur kostnaður	4.017.930	2,7%	4.266.132	3,3%	3.296.137	2,5%
13 Aðkeypt þjónusta og húsn.kostn.	10.108.689	6,7%	10.727.911	8,2%	8.904.897	6,8%
14 Framlög til skógarbænda	104.555.687	69,7%	82.773.641	63,4%	86.084.915	66,2%
15 Annar rekstarkostnaður	1.323.575	0,9%	3.138.528	2,4%	2.411.480	1,9%
16 Eignakaup	495.727	0,3%	954.940	0,7%	184.305	0,1%
17 Ýmsar sértekjur	16.473.225	1.056.320	1.686.732			
18 Hagnaður/Tap	1.601.265	-1.245.304	-9.764.833			

2012	2013	2014	2015				
121.687.654	118.236.812	120.424.198	124.583.183				
126.210.411	115.112.511	131.776.285	121.282.932				
27.369.223	21,7%	28.542.306	24,8%	30.669.227	23,3%	31.639.785	24,0%
3.003.465	2,4%	3.359.406	2,9%	2.681.249	2,0%	3.277.323	2,7%
7.557.281	6,0%	5.816.787	5,1%	7.219.240	5,5%	8.544.784	7,0%
79.593.158	63,1%	74.318.966	64,6%	88.878.105	67,4%	68.290.184	56,3%
3.762.347	3,0%	2.742.594	2,4%	1.904.325	1,4%	2.100.654	1,7%
4.924.937	3,9%	332.452	0,3%	424.139	0,3%	7.430.202	6,1%
4.187.654	436.812	124.198	1.783.183				
-4.522.757	3.124.301	-11.352.087	3.300.251				

Skýringar

- Fjöldi jarða með þinglýsta skógræktarsamninga í lok hvers árs (ástæða fækkunar á milli ára er að við endurnýjun útrunninna samninga sáu sér ekki allir hag í að endurnýja)
- Heildarflatarmál skógræktarsvæða með þinglýsta samninga í lok hvers árs
- Fjöldi jarða þar sem er gróðursett ár hvert
- Heildarfjöldi jarða með framkvæmdir
- Lengd nýrra skjólbelta ár hvert
- Heildarfjöldi allra gróðursettra plantna í skógrækt og skjólbeltarækt ár hvert
- Grisjaðir og bilaðir (grisjun í ungskógi) hektarar
- Ársverk starfsmanna Héraðs- og Austurlandsskóga, fastráðinna og sumarstarfsmanna
- Heildarfjárveiting ásamt sértekjum Héraðs- og Austurlandsskóga
- Heildargjöld
- Heildarlaun starfsmanna og stjórnar Héraðs- og Austurlandsskóga
- Aksturskostnaður, dagpeningar, ferðakostnaður, fundir, risna
- Sími, tölvupj., prentun, bókhald, húsn.kostn.
- Framlög til bænda, plöntur, áburður, ofl.
- Ýmis annar kostnaður
- Jarðvinnslutæki, gróðursetningaáhöld, tölvubúnaður ofl.
- Ýmsar sértekjur og hlutfall þeirra af heildartekjum
- Afgangur - tap



Rekstrarreikningur

	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Fjárheimildir 2015
Tekjur			
Sértekjur	1.783.183	124.198	0
Markaðar tekjur	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0
Tekjur samtals	1.783.183	124.198	0
Gjöld			
Almennur rekstur	121.282.932	131.776.285	122.800.000
101 Héraðs- og Austurlandsskógar	121.282.932	131.776.285	122.800.000
Gjöld samtals	121.282.932	131.776.285	122.800.000
Tekjur umfram gjöld	-119.499.749	-131.652.087	-122.800.000
Framlag úr ríkissjóði	122.800.000	120.300.000	122.800.000
Hagnaður/tap ársins	3.300.251	-11.352.087	0



Plöntuflutningar

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2015	Reikningur 31.12.2014
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	50.000	50.000
Langtímakröfur	0	0
Fastafjármunir samtals	50.000	50.000
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	0	0
Inneign hjá ríkissjóði	0	8.256.359
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	8.392.672	3.544.848
Handbært fé	3.957.509	2.385.992
Veltufjármunir samtals	12.350.181	14.187.199
Eignir samtals	12.400.181	14.237.199
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé/ Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	3.104.304	14.456.391
Breytingar v/lokafjálaga	0	0
Hagnaður/tap ársins	3.300.251	-11.352.087
Höfuðstóll í árslok	6.404.555	3.104.304
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé	0	0
Framlag til eignamyndunar	1.882.814	1.882.814
Annað eigið fé samtals	1.882.814	1.882.814
Eigið fé í árslok	8.287.369	4.987.118
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum	0	0
Skuld við ríkissjóð	513.946	0
Skammtímalánatökur	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	3.598.866	9.250.081
Skammtímaskuldir samtals	4.112.812	9.250.081
Skuldir samtals	4.112.812	9.250.081
Skuldir og eigið fé samtals	12.400.181	14.237.199

Sjóðstreymi

	Reikningur 2015	Reikningur 2014
Hagnaður/tap ársins	3.300.251	-11.352.087
Breyting rekstartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða	-4.847.824	2.970.656
Breyting skammtímaskulda	-5.651.215	7.353.709
Handbært fé frá rekstri	-7.198.788	-1.027.722
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán	0	0
Afborganir veittra lána	0	0
Endurmat veittra lána	0	0
Breyting á áhættufjármunum	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarahreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	-122.800.000	-120.300.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði	0	0
Greitt úr ríkissjóði	131.570.305	121.054.445
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0	0
Tekin lán	0	0
Afborganir tekinna lána	0	0
Endurmat tekinna lána	0	0
Fjármögnunarahreyfingar samtals	8.770.305	754.445
Breyting á handbæru fé	1.571.517	-273.277
Handbært fé í ársbyrjun	2.385.992	2.659.269
Handbært fé, hreyfingar	1.571.517	-273.277
Handbært fé í árslok	3.957.509	2.385.992




Munum eftir eldvarnarklöppunum!



Efni skýrslunnar er unnið af starfsfólki HASK. Myndir eru einnig teknar af starfsfólki HASK nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd: Langavatn í Fellum
 Ábyrgðarmaður: Ólöf Inga Sigurbjartsdóttir
 Uppsetning: Hrafnhildur L. Hafsteinsdóttir



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Ársskýrsla 2015